

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754 - 101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1984

Framkvæmdastofnun ríkisins,
c/o Arnar Sigurðsson
Byggðadeild,
Rauðarárstíg 25,
Reykjavík.

VEIÐIMÁLASTOFNUN
EINTAK BÓKASAFNS

Um möguleika á fiskrækt og nýtingu veiðihlunninda
í ám og vötnum í V-Skaftafellssýslu.

Það sem einkennir þetta landssvæði m.t.t. fiskjar í straumvötnum er sjóbirtingur, þ.e. sjögenginn urriði. Sjóbirtingurinn er alfarið ríkjandi tegund og er hvergi á landinu í jafn ríkum mæli. Sjóbirtingurinn hrygnir eingöngu í straumvatni þ.e. í ám og lækjum, elst þar upp og gengur fyrst til sjávar 15-20 cm langur, þá venjulega 3-4 ára. Hann gengur til sjávar að vorinu um og eftir vorleysingar og dvelur í hafinu í 2-2 1/2 mánuð og snýr þá aftur til heimaárinnar síðumars og fram á haust. Allur sjóbirtingur dvelur í fersku vatni yfir veturinn. Þannig gengur sjóbirtingur á hverju vori til sjávar. A þessu svæði getur sjóbirtingurinn orðið mjög vænn, allt upp í 20 pund. Helsti galli í sambandi við nýtingu sjóbirtings er hversu seint hann gengur í árnar. Þannig er dauður tími í veiði yfir hásumartímann þegar aðalveiðitíminn er á laxi. Sjóbirtingurinn er því ýmist veiddur á vorin þegar hann er að ganga til sjávar eða síðumars og á haustin þegar hann snýr upp í árnar. Vorfiskurinn er skiljanlega ekki jafngóð vara og síðumars- og haustfiskurinn. Menn hafa um alllangt skeið reynt að auka laxagengd í árnar á þessu svæði með laxaseiðasleppingum, en árangurinn hefur ekki orðið sem skildi. Af einhverjum orsökum virðist lax ekki ná almennilegri uggefesta á þessu svæði. Á það ber að líta að helstu árnar eru jökulár. Helstu árkerfin eru vatnasvæði Kúðafljóts og Skaftár. Sjóbirtingurinn hrygnir í þverám þessara jökulfljóta og e.t.v. í einhverjum mæli i jökulvatninu. Helstu þverár eru Tungufljót sem fellur í Kúðafljót, en á Skaftárvæðinu eru helstu þverárnar Holtsá, Fjaðrá, Geirlandsá, Hörgsá og Fossálar (Þverárvatn). Aðrar sjóbirtingsáar eru Grenlækur í Landbroti sem er úrvals sjóbirtingsveiðiá og Eldvatn sem er lindá og kemur úr Eldhrauni. Það sem skýrir e.t.v. laxleysið í þessum ám er að þær eru fremur næringarefnasnuðar (nema Grenlækur) og oft að

stórum hluta lindarvatn og þar af leiðandi fremur kaldar en þó skýrir þetta ekki laxleysið nema að hluta.

Helstu möguleikar í sambandi við árnar er að nýta þá ófiskgengu hluta sem vænlegir eru til smáseiðasleppinga. Vænlegast til árangurs er að sleppa sjóbirtingsseiðum og nota þá eingöngu samstofna fisk. Lausleg athugun hefur sýnt að ófiskgengu svæðin sem nýta má eru ekki svo stór. Ófiskgengu svæðin sem skoðuð hafa verið bera ca 60-100 þús sumaralin seiði. Síkar sleppingar gætu aukið sjóbirtingsgengd verulega. Klak og eldisaðstaða er fyrir hendi í Eldisstöð Kristins Guðbrandssonar við Tungulæk skammt frá Kirkjubæjarklaustri og er rekstur hennar nú í höndum Grunnskólans á Klaustri. Það sem stendur stöðinni helst fyrir þrifum er skortur á heitu vatni en lítil rafstöð er notuð til að hita upp eldisvatnið.

Þar sem sjóbirtingur gengur svo seint upp í árnar og á það einnig til að liggja í jökulánum nokkurn tíma áður en þeir ganga upp í þverár, þarf að sækja um undanþágu til að veiða eftir lögbundinn veiðitíma þ.e. 20. september. Mætti hugsa sér að fá veiðitímann framlengdan til 20. október, og hætta jafnframt vorveiði, þar sem fiskurinn er mun lélegri vara þá. Það sem þyrfti síðan að gera er að auglýsa þetta svæði sérstaklega sem einstakt sjóbirtingsveiðisvæði og reyna að gera það eftirsótt sem slikt, en eins og fyrr greinir getur sjóbirtingurinn orðið mjög vænn og skemmtilegur sportveiðifiskur ekki síður en lax og þar að auki úrvals matfiskur. Þannig mætti auka verulega stangveiðitekjur á svæðinu.

Eldismöguleikar eru ekki miklir á svæðinu vegna skorts á heitu vatni nálægt ströndinni. Helstu möguleikar á laxahafbeitt eru í Dyrhólaósi og Holtsósi. Þar mætti þreifa sig áfram með laxahafbeitt með svíþuðu sniði og rekin er í Lároði á Snæfellsnesi. Í sliku tilfelli yrði hafbeitin að byggja á aðkeyptum seiðum og þyrfti þá að sjóvenja þau þar sem bæði þessi lón eru hálfssölt.

Silungsveiðivötn á svæðinu eru fá og smá og flest utan alfaraleiða þannig að þar liggja ekki miklir möguleikar og sömuleiðis hefur reynst erfitt að fá menn til að stunda slik vötn bæði vegna tímaskorts og e.t.v. er á mörkum þess að slikar veiðiferðir í óbyggðir borgi sig fjárhagslega.

Af þessu má sjá að möguleikar til aukningar veiðihlunninda í Vestur-Skaftafellssýslu eru fremur takmarkaðir og stórfelldir eldismöguleikar eru ekki fyrir hendi. Einn er sá möguleika sem litt er kannaður, en gæti þó verið veruleg búbót varðandi veiðihlunnindi, en það er áll. Það er ljóst að áll er viða í þessum landshluta en til að fá hugmynd um magn og útbreiðslu þyrfti að hefjast handa með tilraunaveiðar bæði á glerál (ca 5,5-7 cm langir) sem gengur úr sjó í ferskvatn og eins á gulál og bjartál (kynþroska áll) sem gengur til sjávar. Að þessu þyrfti að gera könnun til að fá mat á framtíðarmöguleika.

Virðingarfyllst,

Finnur Garðarsson,
fiskifræðingur.